

FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

2. september 2026 | 17. árgangur 12. tölublað



HÖRGÁRSVEIT

FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

Sundlaugin á Þelamörk

VETRAROPNUN

MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA	16:00 - 22:30
FÖSTUDAGA	LOKAÐ
LAUGARDAGA	11:00 - 18:00
SUNNUDAGA	11:00 - 22:30



ÞELAMÖRK
ÍÞRÓTTAHÚS - SUNDLAUG

Gangnaseðlar í Hörgársveit

Haust 2026 sjá HÉR.

Viðhald ljósastaura

Tilkynna þarf um ónýtar perur og aðra viðhaldspörf á ljósastaurum heimreiða fyrir 15. september 2026, ef úrbætur á að gera núna. Næsta viðhaldsferð verður í desember. Tilkynningar um viðhaldspörf þurfa að berast skrifstofu Hörgársveitar, í síma 460 1750 eða á horgarsveit@horgarsveit.is.

Næsti fundur sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 10. september klukkan 10:00.

ÍPRÓTTASKÓLI SMÁRANS



HREYFING • LEIKUR • FJÖLBREYTNÍ



ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Á ÞELAMÖRK

500 KR. Á BARN Í HVERT SKIPTI

ÍPRÓTTASKÓLINN ER
1. OG 3. SUNNUDAG Í MÁNUÐI
HEFST 20. SEPTEMBER

ÖLL BÖRN
VELKOMIN!



FYLGDU OKKUR Á FACEBOOK



Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Þriðjudaginn 1. september 2026 kl. 16:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Pelamerkurskóla.

Fundarmenn: Sunna María Jónasdóttir, Árni Rúnar Örvarsson, Róbert F. Jósavinsson, Bjarki Freyr Brynjólfsson og Katrín Olsen Björnsdóttir.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir fjallskilanefnd - 2026 - H2602053

Fundargerð fjallskilanefndar frá 17.8.2026 lögð fram.

Sveitarstjórn tekur undir með fjallskilanefnd nauðsyn þess að koma niður rimlahliði og fjárgirðingu á Öxnadalshéiði hið fyrsta í samvinnu við Sveitarfélagið Skagafjörð og Vegagerðina.

2. Fundargerðir kjörstjórn - 2026 - H2602055

Fundargerðir frá 13.8 og 26.8.2026 lagðar fram

3. Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar - Afgreiðslufundir - 2026 - H2602039

Fundargerðir afgreiðslufunda nr. 118, 119 og 120 lagðar fram.

4. Fundargerðir Norðurorka - stjórn - 2026 - H2602024

Fundargerð frá 325. fundi lögð fram.

Sveitarstjórn Hörgársveitar lýsir undrun sinni á því að fyrirhuguð sé lántaka hjá Norðurorku með ábyrgð Hörgársveitar og annarra eiganda án þess að fulltrúar sveitarfélaganna annarra en Akureyrar komi nokkuð að ákvörðun um lántöku.

5. SSNE - fundargerðir 2026 - H2602034

Fundargerð frá 85. fundi lögð fram.

6. Hafnarsamlag Norðurlands - fundargerðir 2026 - H2608023

Fundargerð frá 308. fundi lögð fram.

7. Kosning í nefndir og ráð - 2026-2030 - H2606014

Kosið í nefndir og ráð samkvæmt nýjum samþykktum.

Svohljóðandi tillaga D-lista lögð fram:

Sveitarstjórn samþykkir að falla frá skipan nýrrar fimm manna samgöngunefndar.

Starfsmönnum sveitarfélagsins verði þess í stað falið að koma ábendingum og erindum sveitarstjórnar á sviði samgöngumála á framfæri við Vegagerðina og, eftir því sem við á, við rekstrar- og framkvæmdanefnd sveitarfélagsins.

Greinargerð

Með vísan til upplýsinga sem fram komu á fundi sveitarstjórnar með fulltrúum Vegagerðarinnar 18. ágúst sl. telur D-listinn ekki nægilega málefnalegar eða fjárhagslegar forsendur fyrir skipan sérstakrar fimm manna samgöngunefndar. Gert er ráð fyrir að með því að fela starfsmönnum sveitarfélagsins og núverandi stjórnskipulagi verkefnið megi spara áætlað um 1,2 m.kr. árlega í nefndarlaun og tengdan kostnað. Jafnframt verði boðleiðir einfaldari og skilvirkari.

Tillagan felld með þremur atkvæðum fulltrúa G og H lista gegn tveimur atkvæðum fulltrúa D-lista.

Bókun fulltrúa D-lista:

D-listi gerir athugasemdir við nefndina og telur að samgöngumálum væri betur komið fyrir í rekstrar- og framkvæmdanefnd sveitarstjórnar frekar en í sérstakri samgöngunefnd sem hittist, skv. erindisbréfi, að lágmarki þrisvar á ári og kostar sveitarfélagið aukið fjármagn í nefndarsetu. Einnig gerir D-listi athugasemdir við að meirihlutinn hafi engar tillögur um mælanlegan árangur nefndarinnar.

Bókun fulltrúa G og H lista:

Samgöngu-, umhverfis- og náttúruverndarnefnd er hluti af samþykkt um stjórn Hörgársveitar, sem hlaut tvær umræður í sveitarstjórn og staðfestingu ráðuneytis. Henni verður því ekki breytt með bókun heldur kallar slíkt á sömu málsmeðferð og stofnun hennar.

Meirihlutinn hafnar því að ekki séu málefnalegar forsendur fyrir nefndinni. Nefndin sinnir lögbundnu hlutverki á sviði náttúruverndar samkvæmt 14. gr. laga nr. 60/2013, sem segir að á vegum hvers sveitarfélags starfi kjörin náttúruverndarnefnd. Sveitarfélaginu er því skylt að tryggja að þessu hlutverki sé sinnt af kjörinni nefnd, en ekki falið einstökum starfsmönnum með afmörkuðum erindum. Auk þess sinnir nefndin samgöngu-, umhverfis- og innviðamálum. Samskipti við Vegagerðina eru einn þáttur af mörgum en ekki forsenda nefndarinnar í heild. Þá hefur verið kallað eftir stórbættu viðhaldi í sveitarfélaginu í samgöngum og innviðamálum, meðal annars varðandi vegi og heimreiðar. Það undirstrikar þörfina fyrir vettvangi eins og þessari nefnd.

Hvað fjárhagslegar forsendur varðar bendir meirihlutinn á að áætlaður sparnaður í tillögunni, um 1,2 m.kr., er ekki í samræmi við fyrirbyggjandi forsendur. Óskað er eftir sundurliðun á þeirri fjárhæð sem tillagan tilgreinir, þar á meðal á hvaða „tengda kostnaði“ hún byggist. Þá telur meirihlutinn að sparnaði verði ekki náð með því að leggja niður nefnd sem sveitarfélaginu er skylt að lögum að starfrækja.

Sveitarstjórn kaus eftirtalda í nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins:

Skipulagsnefnd,

aðalmenn:

*Agnar Þór Magnússon, formaður
Kolbrún Lind Malmquist, varaformaður
Bjarki Freyr Brynjólfsson
Árni Rúnar Örvarsson
Katrín Olsen Björnsdóttir*

varamenn:

*Jóhanna María Oddsdóttir
Sunna María Jónasdóttir
Ásta Hafberg
Björg Ingadóttir
Björgvin Helgason*

Agnar Þór Magnússon var kjörinn formaður með þremur atkvæðum gegn tveimur.

Fræðslunefnd

aðalmenn:

*Jóhanna María Oddsdóttir, formaður
Sveinn Brimar Jónsson, varaformaður
Ásta Hafberg
Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir
Pálmi Þorgeir Jóhannsson*

varamenn:

*Róbert Fanndal Jósavinsson
Jenný Dögg Heiðarsdóttir
Jón Þór Benediktsson
Sandra Sýlvía Valsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson*

Jóhanna María Oddsdóttir var kjörin formaður með þremur atkvæðum gegn tveimur.

Fræðslunefnd

aðalmenn:

Jóhanna María Oddsdóttir, formaður
Sveinn Brimar Jónsson, varaformaður
Ásta Hafberg
Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir
Pálmi Þorgeir Jóhannsson
*Jóhanna María Oddsdóttir var kjörin
formaður með þremur atkvæðum gegn
tveimur.*

Velferðar- menningar og tómstundaneftnd

aðalmenn:

Eva Hilmarsdóttir, formaður
Arnar Ingi Tryggvason, varaformaður
Vikar Mar Valsson
Katrín Olsen Björnsdóttir
Jóhanna Margrét Gunnarsdóttir
*Eva Hilmarsdóttir var kjörin formaður með
þremur atkvæðum gegn tveimur.*

Fjallskilaneftnd,

aðalmenn:

Arnar Tryggvason, formaður
Agnar Þór Magnússon, varaformaður
Davíð Jónsson
Björgvin Helgason
Egill Már Þórsson
*Arnar Tryggvason var kjörinn formaður með
þremur atkvæðum gegn tveimur.*

Landbúnaðar- atvinnu- og nýsköpunarneftnd

aðalmenn:

Hugrún Lía Heimisdóttir, formaður
Jónas Davíð Jónasson, varaformaður
Ásgeir Már Andrésson
Jónas Þór Jónasson
Aðalsteinn Heiðmann Hreinsson
*Hugrún Lía Heimisdóttir var kjörin formaður
með þremur atkvæðum gegn tveimur.*

Samgöngu-umhverfis- og náttúruverndarneftnd

aðalmenn:

Jón Þór Benediktsson, formaður
Kolbrún Lind Malmquist, varaformaður
Jóhanna María Oddsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson
Áslaug Jónasdóttir
*Jón Þór Benediktsson var kjörinn formaður
með þremur atkvæðum gegn tveimur.*

varamenn:

Róbert Fanndal Jósavinsson
Jenný Dögg Heiðarsdóttir
Jón Þór Benediktsson
Sandra Sýlvía Valsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

varamenn:

María Albína Tryggvadóttir
Jóhanna María Oddsdóttir
Hugrún Pála Birnisdóttir
Sandra Sýlvía Valsdóttir
Aðalsteinn Heiðmann Hreinsson

varamenn:

Þórgnýr Jónsson
Hákon Þór Tómasson
Halla Björk Þorláksdóttir
Jónas Þór Jónasson
Sýlvía Sól Guðmundsdóttir

varamenn:

Vikar Mar Valsson
Eva Hilmarsdóttir
Arnar Ingi Tryggvason
Árni Rúnar Örvarsson
Sýlvía Sól Guðmundsdóttir

varamenn:

Hugrún Lía Heimisdóttir
Ásgeir Már Andrésson
Jónas Davíð Jónasson
Sandra Sýlvía Valsdóttir
Pálmi Þorgeir Jóhannsson

Öldungaráð

aðalmenn:

Ásta Hafberg, formaður
María Albína Tryggvadóttir, varaformaður
Áslaug Ólöf Stefánsdóttir
Árni Arnsteinsson, F.EB
Hulda Harðardóttir, F.EB
Elísabet Gunnarsdóttir, F.EB
Fulltrúi HSN

Ásta Hafberg var kjörin formaður með þremur atkvæðum gegn tveimur.

varamenn:

Sigurður Pálsson
Róbert Fanndal Jósavinsson
Sylvía Sól Guðmundsdóttir
Ásrún Árnadóttir, F.EB
Elínrós Sveinbjörnsdóttir, F.EB
Snjólaug Pálsdóttir, F.EB
Varafulltrúi HSN

8. Erindisbréf nefnda 2026-2030 - H2606017

Tillögur að erindisbréfum eftirtaldra nefnda lagðar fram:

1. Skipulagsnefnd
2. Fræðslunefnd
3. Velferðar- menningar og tómstundanefnd
4. Fjallskilanefnd
5. Landbúnaðar- atvinnu og nýsköpunarnefnd
6. Samgöngu- umhverfis- og náttúruverndarnefnd
7. Öldungaráð
8. Ungmennaráð

Sveitarstjórn samþykkti erindisbréfin með lagfæringum.

9. Kjör sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna. - H2608024

Umræður um kjör sveitarstjórnarfulltrúa og nefndarmanna. Könnun sem gerð var á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga um kjör sveitarstjórnarmanna lögð fram. *Sveitarstjórn samþykkti að laun sveitarstjórnarfulltrúa á mánuði verði 12% af þingfararkaupi og laun oddvita á mánuði verði 24% af þingfararkaupi. Breytingin taki gildi frá 1. júní 2026. Önnur kjör verði óbreytt.*

Bókun:

Launaviðmiðum var síðast breytt á þar síðasta kjörtímabili. Breyting á mánaðarlaunum sveitarstjórnarfulltrúa er í samræmi við það sem fram kemur í launakönnun Sambands íslenskra sveitarfélaga og er þar við miðbik sambærilegra sveitarfélaga. Breyting þessi er í takt við íbúafjölgun í sveitarfélaginu og umfang starfsins.

10. Fjölmeningarráð SSNE - ósk um tilnefningu fulltrúa - H2608025

Erindi frá SSNE er varðar ósk um skipan í fjölmeningarráð lagt fram. *Sveitarstjórn samþykkti að skipa Árna Rúnar Örvarsson sem fulltrúa Hörgársveitar í ráðið.*

11. Lónsvegur 3 - erindi KEA - H2608026

Lagt fram erindi frá KEA þar sem lýst er yfir vilja fyrir hönd Skálabrúnar ehf. til þess að kaupa lóðina Lónsveg 3. *Sveitarstjórn samþykkti að auglýsa lóðina til úthlutunar þegar deiliskipulag hefur fengið staðfestingu. Sveitarstjórn þakkar sýndan áhuga og hvetur Skálabrún ehf til að sækja um lóðina þegar hún verður auglýst.*

12. Vegamál í sveitarfélaginu - H2608027

Umræður um vegamál í sveitarfélaginu í kjölfar fundar með Vegagerðinni. Farið var yfir þau fjölmörgu mál sem til umræðu voru á þeim fundi og ákveðið að senda erindi til Vegagerðarinnar í framhaldinu.

Svohljóðandi tillaga fulltrúa D-lista um undirgöng lögð fram:

Sveitarstjórn samþykkir að óska án tafar eftir formlegum viðræðum við Vegagerðina og Akureyrarbæ um gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur undir þjóðveginn, með tengingu í átt að Krossanesborgum. Skoðaður verði sérstaklega sá kostur að koma fyrir undirgöngum úr röri milli hringtorganna inn í Lónsbakkahverfi og Byko. Jafnframt verði send formleg beiðni til Vegagerðarinnar um að ráðist verði í verkefnið.

Afgreiðslu frestað og ákveðið að eiga samtalið við Akureyrarbæ um framkvæmdina.

13. Stígagerð - H2608028

Staða varðandi göngu-, hjóla- og reiðstíga. Skjöl sem málið varðar lögð fram. Rætt um stöðu mála varðandi stígagerð m.a. í framhaldi af fundum með fulltrúum Vegagerðar. Ákveðið var að klára stígagerðina með malbikun frá gatnamótum við Álfastein að landamerkjum við Dvergastein í haust.

14. Mannauðsmál - H2608033

Umræður um skipulag og stjórn mannauðsmála. Sveitarstjórn samþykkti að fela sveitarstjóra að ræða við fulltrúa annarra sveitarfélaga sem aðild eiga að SBE um möguleika á sameiginlegum starfsmanni mannauðsmála.

15. Númerslaus ökutæki og vélar - H2608029

Svohljóðandi tillaga fulltrúa D-lista lögð fram:
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta gera úttekt á númerslausum ökutækjum, vinnuvélum og öðrum tækjum sem geymd eru utandyra í þéttbýli og á öðrum áberandi stöðum í sveitarfélaginu.

Afgreiðslu tillögunnar frestað þar til nýjar reglur um númerslaus ökutæki taka gildi. Sveitarstjórn hvetur íbúa til að huga að sínu nærumhverfi með góðri umgengni.

16. Framkvæmdaleyfi og umgengi við Moldhaugnaháls - H2608030

Svohljóðandi tillaga fulltrúa D-lista lögð fram:
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að senda forsvarsmönnum Skútabergs formlegt erindi vegna umgengni á framkvæmdasvæði við Moldhaugnaháls.

Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Skútabergs, heilbrigðisfulltrúa og skipulags- og byggingarfulltrúa vegna umgengismála á framkvæmdasvæði við Moldhaugnaháls.

17. Stefna um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum - H2608031

Svohljóðandi tillaga fulltrúa D-lista lögð fram:
Sveitarstjórn ákveði að hefja þegar í stað vinnu við gerð stefnu Hörgársveitar um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum í samræmi við 130. gr. a sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Stefnan taki til komandi árs og næstu þriggja ára þar á eftir og verði unnin samhliða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa málinu til Velferðar- menningar- og tómstundanefndar til úrvinnslu. Nefndin hafi gott samráð við íbúa um gerð stefnunnar.

18. Endurskoðun samþykktar um gjaldskrár um hunda- og kattahald - H2608032

Svohljóðandi tillaga fulltrúa D-lista lögð fram:

Sveitarstjórn samþykkti að hefja endurskoðun á samþykktum Hörgársveitar um dýrahald í þéttbýli í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 20:11

Skráning á póstlista fréttabréfsins



NÝ SORPDAGATÖL FYRIR HÖRGÁRSVEIT

Dagatal fyrir sorphirðu hefur nú verið skipt í tvö dagatöl – annars vegar fyrir þéttbýli og hins vegar fyrir dreifbýli.

Við hvetjum íbúa til að kynna sér nýju dagatölin og hafa þau aðgengileg svo auðvelt sé að fylgjast með næstu losunardögum.

👉 Skoðaðu sorpdagatalið fyrir þitt svæði hér:

DAGATÖL 2026

Athugið að mikilvægt er að velja rétt dagatal eftir því hvort heimilið er í þéttbýli eða dreifbýli.

